



SKÝRINGAR

- Sitkagreni
- Alaskaösp
- Gráreyrnir
- Súlublæösp
- Gráelri
- Ilmreyrnir
- Tilflutt tré
- Trjáþyrpingar
- Núverandi gróður

Gróðurskipulag í bæjarlandi Móaahverfis

Í hverfinu er lögð áhersla á græn svæði og gróður í bæjarlandinu. Samkvæmt deiliskipulagi er í bæjarlandi Móaahverfis gert ráð fyrir trjágróðri á þeim svæðum sem eru óvarin fyrir norðlægum áttum sem eru bæði tíðar og hvassar. Í trjáröðum er bil á milli trjáa 6 metrar en bil milli trjáþyrpinga er um 15 metrar.

Trjáröð, blanda af Sitkagreni og Alaskaösp ● ●

Samkvæmt deiliskipulagi er gert ráð fyrir skjólbelti norðan Síðubrautar á milli Borgarbrautar og Langamóa. Meðfram Síðubraut niður að Hörgárbraut standa trjáaöir blandaðar af Sitkagreni og Alaskaösp í mönum beggja vegna götunnar. Gert er ráð fyrir að um 5 tré af hverri tegund standi saman í röð.

Magn: 370 tré

Trjálundur ● ● ● ● ● ● ●

Samkvæmt deiliskipulagi er gert ráð fyrr trjálandi á 1 ha óbyggðu svæði sunnan gatnamóta Borgarbrautar og Síðubrautar. Á þessu svæði er gert ráð fyrir lægri gróðri, Gráreyri og Ilmreyri næst byggð en innan í lundinum er Sitkagreni og Alaskaösp.

Í minni lundinum hinum megin við Borgarbrautina er lagt til að tegundirnar séu Gráreyrnir og Ilmreyrnir.

Magn: 230 tré

Trjáröð, Gráreyrnir ●

Samkvæmt deiliskipulagi skal standa skjólbelti meðfram stofnstíg sem liggur samsíða Borgarbraut frá Síðubraut að Merkigili. Skjólbelti stendur einnig meðfram stíg sem liggur vestan bygginga við Torgsvæðið. Trjátegund er Gráreyrnir.

Magn: 133 tré

Trjáröð, Súlublæösp ●

Samkvæmt deiliskipulagi er gert ráð fyrir trjágróðri meðfram Langamóa til að milda ásynð að götunni og til að bæta hljóðvist. Trjáaöir standa beggja megin við götuna og trjátegundin er Súlublæösp.

Magn: 203

Tilflutt tré ●

Um er að ræða tilflutt tré frá þeim svæðum hverfisins sem fara undir framkvæmdir. Trén verða flutt í gönguásinn sem liggur í gegnum hverfið og svæðið norðan Urðargjils.

Magn: u.þ.b. 200.

Trjáþyrpingar ● ●

Í mönum austan megin við Borgarbraut er gert ráð fyrir trjáþyrpingum sem samanstanda af 6-8 trjám og lægri gróðri. Lagt er til að trjáþyrpingarnar samanstandi af blönduðum gróðri, sígrænum trjágróðri, Birki, Lerki og runnagróðri. Magn: u.þ.b 350 tré.

AKUREYRARBÆR - MÓAHVERFI GRÓÐURSKIPULAG Í BÆJARLANDI MÓAHVERFIS

KVARDI-A1:	TEIKN NR:	001
DAGS: 26.11.2024	HANNAÐ:	AIII
FLOKKUR: 6000	TEIKNAD:	AIII
SKRÁ	VERKNR:	24008